

*Fundargerð Fræðslu og skólanefndar 27. September 2021 að Breiðabliki kl. 15:30*

Eftirfarandi mættir: Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson, Sigurður Jónsson skólastjóri Laugargerðisskóla, Sonja Karen Marinósdóttir fulltrúi kennara, Kristján Magnússon frá Borgarbyggð og Eggert Kjartansson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Nefndin skiptir með sér verkum. Formaður kosinn Atli Sveinn og oddviti ritar fundargerð. Varaformaður Gísli Guðmundsson.
2. Erindisbréf fyrir nefndina kynnt. Kynntar voru þær breytingar sem gerðar voru á erindisbréfi fyrir nefndina af sveitarstjórn 2. september 2021.
3. Skóladagatal 2021 til 2022. Skólastjóri fór yfir skóladagatal Laugargerðisskóla fyrir skólaárið 2021 – 2022. Skóladagatalið sem liggur fyrir var samþykkt samhljóða af nefndinni.
4. Starfsáætlun Laugargerðisskóla. Skólastjóri fór yfir starfsáætlun / handbók skólans. Miklar mannabreytingar urðu og fór skólastjóri yfir hverjir starfa við skólann núna. Fagnar nefndin því að kennarastöður eru skipaðar fólki með kennararéttindi.
5. Heimsíða skólans. Skólastjóri kynnti vinnu við heimasíðuna sem er orðin aðgengilega á netinu með ýmsum upplýsingum.

Ekki fleira gert, fundi slitið kl. 16:17